

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN	
Dags. móttöku:	22.11.2016
Afhent til:	S.I.
Bréfalykill:	10.5.6
Málsnúmer:	16-01-81



Póst- og fjarskiptastofnun
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 16. nóvember 2016
Tilv.: IRR16060188/19.10.3

Efni: Skilmálar uppboðs á tíðniheimildum fyrir háhraða farnetsþjónustu

Með bréfi dags. 27. september féllst innanríkisráðuneytið á tillögu Póst- og fjarskiptastofnunar um að bjóða upp tíðnir á tíðnisviðunum 700MHz, 2100MHz og 2600MHz. Ráðuneytið fagnar framgangi verkefnis en í kjölfar samráðs telur ráðuneytið rétt að vekja athygli á eftirfarandi sjónarmiðum.

Nýverið hefur athygli ráðuneytisins verið vakin á því að í sumum nágrannaríkjum okkar er til skoðunar að nýta hluta af 700MHz tíðnisviðinu fyrir neyðar- og öryggisfjarskipti. Sem dæmi má nefna að yfirvöld í Svíþjóð ákváðu í lok októbermánaðar að fresta úthlutun tíðnisviðsins á meðan tekið væri til skoðunar þörf fyrir tíðni á þessu sviði fyrir neyðar- og öryggisfjarskipti. Innanríkisráðuneytið óskar því eftir því að Póst- og fjarskiptastofnun taki til skoðunar hvort æskilegt sé að halda eftir hluta af 700MHz tíðnisviðinu í þessum tilgangi. Í því skyni verði skoðað hvort og þá hversu stóran hluta tíðnisviðsins þurfi að taka frá í þágu neyðarfjarskipta. Reynist ekki ljóst hver þörfin er, þá telur ráðuneytið réttast að stofnunin haldi eftir einni af þremur heimildum á tíðnisviðinu þar til þarfagreining vegna tíðna fyrir öryggis- og neyðarfjarskipti liggur fyrir.

Ráðuneytið veltir upp þeirri spurningu hvort við val á fjarskiptastöðum megi taka meira tillit til öryggissjónarmiða, þ.e. hvort æskilegt sé að leggja ríkari áherslu á uppbyggingu fjarskiptastaða þar sem engin þjónusta er til staðar, með það að markmiði að koma á einhverri þjónustu í þágu almannahagsmuna. Í samræmi við ofangreind sjónarmið telur ráðuneytið rétt að haft sé samráð við fjarskiptasjóð og Neyðarlínuna um lokaval á fjarskiptastöðum.

Loks telur ráðuneytið að ganga þurfi úr skugga um að sértækar kröfur um uppbyggingu háhraðanets í strjálbýli annars vegar og skilmálar fjarskiptasjóðs til grundvallar styrkúthlutunar á grundvelli Ísland ljóstengt hins vegar, gangi í takt. Í nýjustu drögum að uppfærðum skilmálum fjarskiptasjóðs vegna styrkúthlutunar 2017 segir eftirfarandi: „Ísland ljóstengt gerir ekki ráð fyrir lagningu ljósleiðara til þeirra bygginga landsins sem dýrast yrði að tengja með ljósleiðara fyrir árslok 2020. Um er að ræða um það bil 0,1% heimila og atvinnuhúsnæðis á landsvísi. Í þeirri viðleitni að undanskilja ekki slíka staði sjálfkrafa frá uppfærslu fjarskipta samhliða ljósleiðarauppbyggingu, þá stendur sveitarfélögum nú til boða að láta styrk frá fjarskiptasjóði ganga upp í stofnkostnað við aðra gerð fjarskiptatengingar en ljósleiðara enda afkasti slíkur búnaður a.m.k. 100Mb/s í niðurhali. Slíkar lausnir útiloki þó ekki uppfærslu í ljósleiðarasamband síðar. Þessir staðir mega þó að hámarki vera 10% staða sem tengja á samkvæmt styrkumsókn og um þá verður að gilda að tenging þeirra kostar a.m.k. þrefalt meira en meðalkostnaður tenginga allra annarra staða.“ Stefnt verður að því jafnframt að slíkar tengingar verði komnar í rekstur samhliða eða strax í kjölfar gangsetningar þjónustu á aðliggjandi ljósleiðarakerfi,

ekki allt að 18 mánuðum síðar. Í því sambandi telur ráðuneytið rétt að haft sé samráð við fjarskiptasjóð.

Fyrir hönd ráðherra



Ragnhildur Hjaltadóttir



Guðbjörg Sigurðardóttir